



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/651
komudagur 18.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Fjárlaganefnd Alþingis, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður Austurstræti 8 – 10,	18. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Fjárlaganefnd Alþingis mun hafa fengið til afgreiðslu frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (iðgjald launagreiðanda), ~~329. mál.~~ *239. mál*

Þó Ríkisendurskoðun hafi ekki athugasemdir fram að færa við efni frumvarpsins getur hún ekki látið hjá líða að nota þetta tækifæri til þess ítreka fyrri beiðnir sínar um breytingu á því ákvæði þessara laga er fjallar um endurgjald fyrir endurskoðunarþjónustu Ríkisendurskoðunar við sjóðinn. Skal nú nánari grein gerð fyrir tillögu stofnunarinnar í þessu efni:

Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er kveðið á um að reikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun **án sérstakrar þóknunar**. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. laganna um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun er henni veitt heimild til að krefjast endurgjalds fyrir fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, sem getið er um í 2. mgr. sömu greinar. Þar er m.a. um að ræða stofnanir, sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira sem og félög og sjóði, sem ríkið á að helmingi eða meira.

Ofangreind heimild til gjaldtöku hefur verið útfærð á þann veg að allir aðilar utan A-hluta ríkissjóð eru krafðir um endurgjald fyrir þá endurskoðunarþjónustu, sem stofnunin veitir þeim. Þetta er gert til þess að viðkomandi aðilar hafi í sínum rekstri sambærilegan endurskoðunarkostnað og almenn fyrirtæki á markaði, sem þau eru að bera sig saman við eða keppa við enda er þessum aðilum að jafnaði ætlað að standa undir öllum kostnaði við starfsemi sína af tekjum sínum.

Að mati Ríkisendurskoðunar er óeðlilegt að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna lúti öðrum reglum um kostnað við endurskoðun en t.d. ríkisaðilar í B – E hluta ríkisreiknings eða aðrir lífeyrissjóðir, er starfa hér á landi. Því leggur stofnunin til að orðin „**án sérstakrar þóknunar**“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði felld út úr lögnum. Til fróðleiks skal þess getið að stofnunin ver um 450 til 600 tímum árlega í endurskoðun samtals hjá opinberu lífeyrissjóðunum.

Ríkisendurskoðun telur afar brýnt að þessi breyting nái fram að ganga nú þar sem fyrri tillögur til að fá fram breytingu á þessu ákvæði náðu ekki fram að ganga hjá viðkomandi þingnefnd. Geta má þess að ríkisendurskoðandi hefur rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um þetta atriði og ekki orðið var við andstöðu þeirra við þessa tillögu.

Eins og áður segir þá gerir stofnunin ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Í því er lagt til að skýrt verði kveðið á um að vikmörk þau, sem mælt er fyrir um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða varðandi neikvæðan mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris. Frumvarpið hefur þannig í för með sér að óumdeilt verður að sömu reglur gildi um A-deild LSR og aðra lífeyrissjóði um svigrúm fyrir sveiflur á fjárhagsstöðu. Það veitir stjórn LSR meira svigrúm til að bregðast við því hvernig leysa á halla sem myndast við sérstakar aðstæður og veitir henni og stjórnvöldum svigrúm til að taka ákvörðun um hækkun iðgjalda launagreiðenda. Slíka ákvörðun þarf að taka eftir útreikninga tryggingafræðings á stöðu sjóðsins og getu hans til að greiða út lífeyri.

